

Vestmannaeyjum, 18. júní 2021

Umsögn Samtaka náttúrustofa um landsáætlun í skógrækt 2021-2025

<https://www.skogur.is/is/um-skograektina/frettir-og-vidburdir/frettir-og-pistlar/oskad-ef-tir-umsognum-um-drog-ad-landsaaetlun-i-skograekt>

Samtök náttúrustofa fagna því að drög að landsáætlun í skógrækt skuli vera komin fram til kynningar. Vernd og endurheimt vistkerfa er ekki gæluverkefni, heldur forsenda þess að við getum þrífist og notið velsældar. Þar getur skógrækt leikið mikilvægt hlutverk ef rétt er að málum staðið. Huga þarf að fjölmörgu við gerð áætlunar af þessu tagi. Eftirfarandi eru athugasemdir sem kalla á að breytingar verði gerðar áður en áætlunin tekur gildi.

Samtök náttúrustofa taka heils hugar undir vandað sérálit Tómasar Grétars Gunnarssonar og Salvarar Jónsdóttur, sem sátu í verkefnisstjórn landsáætlunar í skógrækt (https://www.skogur.is/static/files/2021/Landaaetlun-drog/landsaetlun_skograekt_seralit_tgg_sj_27-apr-2021.pdf).

Það lýsir vel þeim annmörkum sem nauðsynlega þarf að taka á áður en lengra er haldið.

Skipulagsmál, stefnur og alþjóðasamningar

Til að landsáætlun geti orðið raunhæf þarf að samræma hana við aðrar áætlanir um landnotkun á Íslandi. Land er takmörkuð auðlind sem sótt er að úr öllum áttum. Þar þarf að vera rými fyrir búsvæði fjölbreyttra lífvera, auk þess að landið er nýtt til matvælaframleiðslu, mannvirkjagerðar, útivistar og skógræktar, svo eitthvað sé nefnt. Engin sátt getur orðið um slíka áætlun nema hún sé mótuð með hliðsjón af fjölbreyttum hagsmunum lífríkis og manns. Nokkuð virðist hafa skort á þá vinnu fram til þessa, eins og kemur mjög greinilega fram í álit minnihluta verkefnisstjórnar landsáætlunarinnar. Þar er m.a. bent á að sveitarfélög hafa skipulagsvaldið, ekki landeigendur, og að gangi áætlunin eftir muni hún brjóta í bága við alþjóðasamninga á sviði náttúruverndar. Það er auðvitað ótækt og þarf að lagfæra áður en endanleg áætlun verður samþykkt.

Endurheimt vistkerfa

Skógrækt getur verið margs konar, þar á meðal nytjaskógrækt með innfluttum tegundum, sem sver sig í ætt við landbúnað, og endurheimt vistkerfa með aukinni útbreiðslu birkiskóga, sem er náttúruverndaraðgerð. Í áætluninni þarf að gera skýrari greinarmun á þessu tvennu, enda eðlismunur á þeim verkefnum, t.d. m.t.t. kolefnisbindingar og líffræðilegrar fjölbreytni. Leggja þarf mun meiri áherslu á endurheimt vistkerfa með ræktun innlendra tegunda, sem samræmist skyldum Íslendinga skv. alþjóðasamningum um náttúruvernd. Með því að rækta upp birkiskóga í röskuðum og jafnvel gróðurlitlum búsvæðum má ná fram margföldum jákvæðum áhrifum, t.d. stöðvun gróður- og jarðvegseyðingar og kolefnisbindingu.

Kolefnisbinding

Landsáætlun í skógrækt lýsir metnaði í kolefnisbindingu með skógrækt. Þótt brýnast sé að draga úr losun kolefnis vegna neyslu og landnotkunar, þá er líka mjög mikilvægt að vinna að aukinni bindingu. Það þarf þó að gera á réttum forsendum en ekki á grundvelli útreikninga áætlunarinnar, sem ýkja væntanlegan hlut skógræktar í kolefnisbindingu. Þótt stöðvun kolefnislosunar frá rofnu landi með skógrækt sé nefnd í áætluninni, þá virðist eingöngu vera horft til kolefnisbindingar trjáanna þegar markmið eru sett fram og árangur reiknaður. Það segir aðeins hluta sögunnar og útreikningarnir sem settir eru fram í áætluninni draga því upp skakka mynd af stöðunni. Fengur væri í aukinni áherslu á að efla hlutverk skógræktar við uppgræðslu rofins lands til að draga úr losun frá landinu og með tímanum breyta losun í bindingu. Þá er hæpið að líta á nytjaskógrækt sem mikilvægan þátt í bindingu, þar sem oftast er ekki um umtalsverða varanlega nettóbindingu að ræða, sérstaklega ef skógræktin fer að miklu leyti fram á frjósömu og vel grónu landi sem nú þegar bindur kolefni. Við samanburð á leiðum til að meta arðsemi og árangur þarf að taka alla þætti inn í reikninginn. Þar má nefna að í greinargerð með markmiði 2.1 og umfjöllun um loftslag/kolefnisbindingu á bls. 14 í umhverfismatinu tekur samanburður á ræktun alaskaaspar á frjósömu landi við sjálfsáningu birkis í rofið land ekki stöðvun kolefnislosunar í rofna landinu með í reikninginn og samanburðurinn því rangur. Slík framsetning, sem nefnir aðeins hluta áhrifanna, er óæskileg þar sem hún ýtir undir þá tilfinningu að verið sé að grænþvo skógrækt, sem er þó algjör óþarfi þar sem hún getur vel verið græn. Til að hámarka gagnsæi og traust er því eindregið mælt með að reyna eftir fremsta megni að taka öll áhrif mismunandi skógræktar á mismunandi landi með í reikninginn þegar mismunandi leiðir eru bornar saman. Aðeins þannig getur fólk tekið upplýstar ákvarðanir.

Hafa ber í huga að kolefnisbinding í viði er aðeins tímabundin þar sem skógar eru grisjaðir eða tré felld til nýtingar, t.d. til brennslu í íslenskum verksmiðjum. Þegar kolefnisbinding sem viðbrögð við loftslagsvá af mannavöldum er annars vegar, ætti aðeins að telja til það kolefni sem binst til frambúðar. Þess vegna þarf fyrst og fremst að meta hversu mikið af kolefninu binst í jarðveginum, hvort sem um er að ræða skógrækt, landgræðslu eða aðra bindingu. Af framangreindu og niðurstöðum erlendra rannsókna er ljóst að ekki liggur í augum uppi að skógrækt leiði sjálfkrafa til nettó kolefnisbindingar. Á því sviði skortir íslenskar rannsóknir en þó er ljóst að varðandi árangur skiptir val lands til skógræktar höfuðmáli. Skógrækt á rofnu landi er líkleg til að auka framleiðni lands og leiða til nettó kolefnisbindingar en ekki er víst að það sama gildi um skógrækt í frjósömu og vel grónu landi.

Framandi, mögulega ágengar og ágengar tegundir

Áætluninni er tíðrætt um verndun líffræðilegrar fjölbreytni, samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar og viðhald landslagsheilda. Enn sem komið er vantar þó að setja fram leiðir til þess að ganga úr skugga um að þessi mikilvægu atriði verði í hávegum höfð þegar kemur að framkvæmd áætlunarinnar. Þetta endurspeglast til dæmis í núverandi og fyrirhugaðri notkun stafafuru, sem virðist vera ein af ágengari barrtrjáategundunum og hefur víða verið skilgreind sem ágeng þar sem hún hefur náð útbreiðslu utan síns náttúrulega útbreiðslusvæðis. Á meðal landa sem flokkað hafa hana sem ágenga eru Danmörk og Svíþjóð, auk þess sem hún er skilgreind sem mögulega ágeng í Noregi, Írlandi og á Íslandi (<https://www.nobanis.org/species-info/?taxald=2531>). Einn besti mælikvarðinn á mögulega ágengni nýrrar innfluttrar tegundar er einmitt hvernig hún hefur hagað sér í öðrum löndum utan síns náttúrulega útbreiðslusvæðis. Í því sambandi má, auk Norðurlandanna, benda á eldfjallalandið Nýja-Sjáland, þar sem stafafura hefur breiðst hratt út (sjá t.d. <https://www.mpi.govt.nz/biosecurity/long-term-biosecurity-management-programmes/wilding-conifers/>). Önnur tegund sem mikið er notuð í

skógrækt á Íslandi en gæti mögulega orðið ágeng í framtíðinni er sitkagreni, sem m.a. er flokkuð sem ágeng í Danmörku, Noregi og Svíþjóð (<https://www.nobanis.org/species-info/?taxald=2530>).

Varðandi dreifingu framandi tegunda út í náttúru Íslands er nauðsynlegt að hafa varúðarreglu að leiðarljósi og hafa í huga að tregðufasi/taffasi (lag phase) trjátegunda getur tekið áratugi. Það þýðir að tegund getur um áratugaskeið haft mjög staðbundna útbreiðslu en skyndilega fjölgað sér og dreifst skv. veldisfalli (sjá t.d.

<https://www.researchgate.net/publication/319315121> Vagestir i vistkerfum -

Fyrri hluti Stiklad a storu um framandi agengar tegundir Ecosystems in peril part one A review on alien invasive species - English summary). Kæruleysi á ekki heima í eins mikilvægum áætlunum og landsáætlun í skógrækt, heldur þarf í hvívetna að stíga varlega til jarðar og taka tillit til allra þeirra áhyggjuradda sem heyrast. Það er alls ekki nauðsynlegt að nota tegundir sem vafi leikur á um hvort valdið geti náttúru Íslands skaða, með tilheyrandi kostnaði fyrir komandi kynslóðir, heldur borgar til lengri tíma litið að nota frekar tegundir sem hafa ekki sýnt merki um ágengni. Hér er aðeins eitt dæmi tekið, en til þess að innlend og alþjóðleg sátt ríki um áætlunina er nauðsynlegt að tryggja það að hún samræmist þeim sáttmálum sem Ísland er aðili að.

Áhrif skógræktar á fuglalíf

Íslenskt fuglalíf hefur mikla sérstöðu. Þar á meðal má nefna að hér er mjög hátt hlutfall af stofnum sumra tegunda. Þetta eru kallaðar ábyrgðartegundir vegna þess að Íslendingar bera alþjóðlega ábyrgð á þessum stofnum og hafa ríkar skyldur til að vernda þá skv. alþjóðasamningum um náttúruvernd, sem stjórnvöld hafa fullgilt. Í sérfræðiáliti sínu draga Tómas G. Gunnarsson og Salvör Jónsdóttir fram með sérlega skýrum hætti að framkvæmd skógræktaráætlunarinnar getur að óbreyttu haft veruleg neikvæð áhrif á fuglalíf á Íslandi, þar sem tegundum sem eru sjaldgæfar á heimsvísu mun fækka. Nokkrum tegundum, sem eru algengar á heimsvísu, mun að líkindum fjölga eitthvað á móti. Þessi breyting gengur beinlínis gegn alþjóðasamningum á sviði náttúruverndar. Það gengur auðvitað ekki upp og þess vegna þarf að ráðast í þá vinnu að laga skógræktaráætlunina að þörfum þeirra lífvera sem deila landinu með okkur.

Eindregið er óskað eftir því að brugðist verði við þeim athugasemdum sem rakin eru í þessari umsögn og áður nefndu sérfræðiáliti Tómasar og Salvarar. Skógrækt er sístækkandi atvinnugrein á Íslandi og er vinsæl meðal almennings. Mikill fjöldi fólks vinnur þar frábært starf sem gaman er að fylgjast með. Ef áætluninni verður breytt í samræmi við athugasemdirnar sem fram koma í sérálitinu gæti Ísland von bráðar átt landsáætlun í skógrækt sem sátt getur ríkt um.

Virðingarfyllst, f.h. Samtaka náttúrustofa

Dr. Erpur Snær Hansen, formaður SNS